

Ed.

787. Nefndarálit

[285. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er farið fram á 2800 milljón króna sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til viðbótar ábyrgð á lánum, sem ríkissjóður og Landsbanki Íslands hafa áður veitt og nema um 1500 milljónum króna.

Frv. hefur verið rætt á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda þings, og hefur málið verið ítarlega kannað með viðræðum við forustumenn Flugleiða, fulltrúa fjármálaráðuneytis og Seðlabanka og ýmsa aðra aðila. Þó hefur ekki tekist að fá upplýst, hvert raunverulegt verðmæti eigna Flugleiða hf. geti talist að frádregnum skuldum. En ljóst er, að hér er um mjög áhættusama ákvörðun að ræða. Undirritaður telur þó, að með hliðsjón af þjóðhagslegu gildi þess fyrir íslendinga, að flugsamgöngur við önnur lönd haldist góðar og séu áfram í höndum innlendra aðila, sé rétt að veita ríkisábyrgð fyrir þessu láni, en vegna hinna gífurlegu fjárskuldbindinga, sem ríkissjóður tekur á sig í þessu sambandi, sé óhjákvæmilegt, að ríkið verði beinn aðili að rekstrinum, a. m. k. að einum fjórða hlutfjár. Jafnframt sé húið svo um hnútana, að þessi mikla fyrirtækjasamsteypa skapi sér ekki óeðlilega aðstöðu á þeim sviðum viðskiptalífs, sem tengjast flugrekstrinum, og greiði opinber gjöld með eðlilegum hætti. Undirritaður mælir því með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Flugleiðum hf. sjálfsskuldarábyrgð á lánum sem nemi allt að 18,5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu flugrekstrar síns.

Skilyrði fyrir sjálfskuldarábyrgðinni er að Flugleiðir hf. auki hlutfé sitt í 600 milljónir króna fyrir árslok 1975 og að ríkissjóður kaupi fjórðung hlutfjárins. Auk þess er ábyrgðin háð öðrum þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, og þeim skilyrðum, sem hún ákveður.

Drátt fyrir ákvæði 4. gr. l. nr. 30 27. mars 1974, um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., skulu dótturfyrirtæki Flugleiða hf., þar á meðal Flugfélag Íslands hf., Loftleiðir hf., Loftleiðahótelid, Bílaleiga Loftleiða og Hótel Esja, teljast sjálfstæðir skattaðilar að því er varðar álagningu opinberra gjalda.

Alþingi, 15. maí 1975.

Ragnar Arnalds.